

Nd.

269. Nefndarálit

[85. mál]

um frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meginefni frumvarps þessa má skipta í fernt:

1. Helmingslækkun verðbóta á laun, sem tók gildi 1. desember s. l.
2. Láglaunabætur að upphæð fimm tíu milljónir króna, sem út voru greiddar í sama mánuði.
3. Hækkun vörugjalds á ýmsum innfluttum nauðsynjum, svo sem matvælum, sem ætlað er að skila á sex mánaða gildistíma fimm- til sexfalt hærri tekjum í ríkissjóð en nemur samanlagðri fjárhæð láglaunabótanna sem úthlutað var í desember.
4. Ráðstöfun gengismunar vegna gengislækkunar ríkisstjórnarinnar í ágúst mánuði á s. l. hausti — næstsíðustu gengisfellingar að þessu sinni.

Lækkun verðbóta.

Launalækkunin, sem kom til framkvæmda 1. desember s. l. skv. ákvæðum bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar, reyndist nema röskum 7%. Laun alls launafólks í landinu voru þann dag lækkuð um þennan hundraðshluta frá ákvæðum gildandi kjarasamninga — jafnt laun hinna launalægstu sem laun hinna launahæstu. Vegna bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar héldu launagreiðendur á Íslandi þennan dag eftir af launagreiðslum starfsmanna sinna 135 milljónum króna sem ella hefði borið að greiða launafólki, ef ríkisstjórnin hefði ekki tekið í taumana. Vegna bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar mun launafólk á yfirstandandi ári þannig missa rúmlega 1600 milljón króna launatekjur sem því ber skv. kjarasamningum.

Þessi aðgerð — launalækkun með lögum — er gamalkunnug og einasta ráðstöfun í samarlögðum bráðabirgðalögum og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar sem einhver tímabundin áhrif hefur á verðbólguþróunina. Engar aðrar ráðstafanir, sem ríkisstjórnin hefur gert eða boðað, hvorki í bráðabirgðalögum né í yfirlýsingunni sem bráðabirgðalögum fylgdi, hafa nokkur minnstu áhrif á verðbólgu. Einasta verðbólguúrræði ríkisstjórnarinnar var sem sé að lækka laun fólks með lögum.

Það er einnig gamalkunnugt, að slík ráðstöfun skilar tímabundnum árangri til lækkunar verðbólgu, en jafngömul er sú reynsla, að þótt slík aðgerð skili árangri til skamms tíma eru áhrif hennar á verðbólguþróun til lengri tíma nákvæmlega engin. Til fjölmargra slíkra aðgerða hefur verið gripið á undanförunum árum. Þær hafa ekki forðað því, að verðbólga hefur samt sem áður farið árvaxandi. Með öðrum orðum: Aðgerð af þessu tagi, sem skilar skammvinnum árangri til lækkunar á verðbólgu, hefur nákvæmlega engin áhrif á verðbólguþróun til lengri tíma.

Þessi reynsla hefur hlotið nýja staðfestingu nú. Strax eftir setningu bráðabirgðalaganna í ágúst mánuði á s. l. hausti gaf ríkisstjórnin út þá yfirlýsingu, að vegna setningar laganna hefði tekist að hafa þau áhrif á verðbólguna, að hún mundi á árinu 1983 ekki fara yfir 50% frá upphafi árs til ársloka, en án laganna hefði hún sennilega farið yfir 70%. Þetta væri sem sé hinn mikli árangur þeirrar fórnar, sem launþegum var ætlað að færa með lækkun launa 1. desember.

Nú, rétt um fimm mánuðum eftir setningu bráðabirgðalaganna og aðeins tæpum tveimur mánuðum eftir að launalækkunin skv. þeim tók gildi, er hins vegar áætlað af

Þjóðhagsstofnun að um mitt árið 1983 verði verðbólgan yfir 70% og verðbólgan frá upphafi til loka ársins verði um 65%.

Með öðrum orðum: Við stöndum nú í nákvæmlega sömu sporum og við stóðum áður en bráðabirgðalögin voru sett á s. l. hausti. Verðbólgulækkunaráhrifin af launaskerðingunni 1. desember s. l. eru nú þegar runnin út í sandinn. Sú fórn er nú þegar orðin árangurslaus. Ætli menn að ná þeim markmiðum í verðbólguálagum, sem ríkisstjórnin setti sér í ágústmánuði s. l., og ætli menn að beita sömu aðferðum til þess og ríkisstjórnin beitti, þá liggur fyrir að 1. mars n. k. ætti að skerða laun um sama hundraðshluta og þau voru skert aðeins þremur mánuðum fyrr. Svo gjörsamlega árangurslaus er þessi ráðstöfun ríkisstjórnarinnar. Svo algerlega tilgangslaus hefur sú fórn orðið sem launafólk var neytt til þess að færa í sjálfum jólamánuðinum fyrir tilstuðlan bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar.

Láglaunabætur.

Til þess að veða upp á móti launalækkun, sem á einu ári mun svipta íslenskt launafólk röskum 1600 milljónum króna á desemberverðlagi 1982 sem það ekki mundi hafa fengið, ákvað ríkisstjórnin í bráðabirgðalögunum að verja 50 milljónum króna í láglaunabætur. Þessi fjárhæð nemur þremur prósentum af launasviptingunni og að mati Alþýðusambands Íslands um 0,7% af launaupphæðinni á þeim tíma er hvort tveggja átti sér stað: útgreiðsla láglaunabótanna og verðbótakerðing launanna.

Fram hefur komið, einkum og sér í lagi eftir að láglaunabæturnar komu til greiðslu, að ýmsir forsvarsmenn launþegasamtaka hafa gagnrýnt framkvæmd bótagreiðslanna mjög harkalega og ekki viljað við kannast að samráð hafi verið við þá haft um tilhögun og framkvæmd greiðslanna, eins og skylt er þó skv. ákvæðum bráðabirgðalaganna. Vegna þessara yfirlýsinga beitti undirritaður sér fyrir því í nefndarstörfum, að sérstaklega yrði kannað, hver aðild forsvarsmanna stærstu launþegasamtaka í landinu hefði verið að ákvörðuninni um tilhögun láglaunabóta, og jafnframt, hvort gagnrýni margra þeirra eftir á hefði við rök að styðjast.

Nefndin fékk til viðræðu við sig um þessa hluti fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og auk þess aðstoðarmann fjármálaráðherra og þá sérfræðinga sem unnu með honum að ítarlegri könnun og skoðunum á framkvæmd láglaunabótagreiðslanna skv. ýmsum mismunandi útfærslum. Þær viðræður og athuganir leiddu eftirfarandi í ljós:

Samráð við BSRB. Við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var af hálfu fjármálaráðuneytis og ríkisstjórnar nær ekkert samband haft í tengslum við ákvarðanir um tilhögun greiðslna láglaunabóta. Þá fyrst þegar margir fundir höfðu verið haldnir milli fulltrúa fjármálaráðuneytis og forustumanna ASÍ og margar sameiginlegar athuganir gerðar af þessum aðilum um ýmsa tilhögun láglaunabótagreiðslanna voru fulltrúar BSRB tilkvaddir og þá aðeins til eins fundar. Á þeim fundi voru fulltrúum BSRB t. d. ekki afhentar ítarlegar upplýsingar um útfærslur sem fulltrúar Alþýðusambandsins höfðu haft með höndum og unnið með.

Þessum eina „samráðsfundi“ við BSRB lauk án nokkurrar sameiginlegrar niðurstöðu og annar fundur var ekki boðaður.

Samráð ríkisstjórnarinnar við BSRB um láglaunabæturnar var sem sé nánast ekki neitt, upplýsingamiðlun ríkisstjórnarinnar til BSRB var nánast engin og aðstaða BSRB til tillagnagerðar eða áhrifa á niðurstöðuna var ekki fyrir hendi.

Samráð við ASÍ. Samráð við forustumenn Alþýðusambands Íslands um tilhögun láglaunabótanna var hins vegar mikið og náði um alllangt skeið. Þær upplýsingar voru veittar í fjárhags- og viðskiptanefnd, að forustumenn Alþýðusambandsins voru til samráðs kvaddir strax upp úr mánaðamótum október/nóvember á s. l. hausti, eftir að fjármálaráðu-

neytið hafði lagt fram sínar fyrstu grunnhugmyndir um greiðslu láglaunabóta á grundvelli skattaframtala fyrir árið 1981 og keyrt þær hugmyndir út í tölvu. Fulltrúum Alþýðusambandsins voru fengnar allar þessar upplýsingar, þ. á m. tölvukeyrslan, og hófust síðan tíðir fundir milli forráðamanna Alþýðusambands Íslands og starfsmanna og sérfræðinga fjármálaráðuneytisins. Stóð það samráð í tvær til þrjár vikur. Á þeim tíma voru miklar breytingar gerðar á hugmyndum fjármálaráðuneytisins um tilhögun bótagreiðslanna. Fjölmargar útkeyrslur í tölvu voru jafnframt gerðar á þessu tímabili til þess að sýna áhrif hvernar breytingahugmyndar fyrir sig sem fram kom í viðræðum ASÍ-fulltrúanna og fulltrúa fjármálaráðuneytisins. Meðal athyglisverðustu breytinga frá fyrstu hugmyndum fjármálaráðuneytisins um tilhögun bótagreiðslanna, sem verða meðan þetta samráð á sér stað, eru eftirfarandi:

1. Skv. upphaflegum hugmyndum fjármálaráðuneytisins var ráð fyrir því gert, að fólk með tekjur undir 10—15 þúsund krónum fengi ekki láglaunabætur.

Eftir fundarhöld og viðræður við Alþýðusamband Íslands breytast þessi mörk í 25 þúsund krónur. M. ö. o.: Fólk með tekjur á bilinu 15—25 þúsund krónur á árinu 1981 hefði átt að fá láglaunabætur skv. upphaflegum hugmyndum fjármálaráðuneytisins, en fékk þær ekki skv. þeim hugmyndum sem komust á blað í viðræðum og samráði við ASÍ og fulltrúa fjármálaráðuneytisins.

2. Skv. upphaflegum hugmyndum fjármálaráðuneytisins var gert ráð fyrir að hámarkstekjur þeirra, sem láglaunabóta nytu, væru röskar 51 þúsund krónur. Á meðan á samráði fjármálaráðuneytisins við Alþýðusamband Íslands stóð var þessari fjárhæð leyfilegra hámarkstekna breytt úr 51 þúsund í 75 þúsund.

Þessar breytingar höfðu m. a. þau áhrif, að hjón með tekjur á bilinu 10—30 þúsund krónur á árinu 1981, sem áttu að fá láglaunabætur skv. upphaflegum tillögum fjármálaráðuneytisins er numið hefðu um 9% af tekjum þeirra, hlutu skv. þeim hugmyndum, sem festar voru á blað að loknu samráði við ASÍ, láglaunabætur sem voru ígildi u. þ. b. tveggja prósentu af tekjum þeirra. Á sama tíma hafði hlutur fólks með tekjur á bilinu 80—120 þúsund krónur skánað verulega.

Í þessu sambandi voru eftirfarandi spurningar lagðar sérstaklega fyrir aðstoðarmann fjármálaráðherra sem þátt hafði tekið í umræddu samráði af hálfu fjármálaráðuneytisins:

1. Hvaða fulltrúar Alþýðusambands Íslands sátu á samráðsfundum við starfsmenn fjármálaráðuneytisins um þessi mál? Svar: Ásamt forseta og varaforseta Alþýðusambands Íslands sátu þessa fundi yfirmenn á skrifstofu Alþýðusambandsins og ýmsir verkalýðsforingjar, svo sem eins og Guðmundur J. Guðmundsson o. fl. Sumir komu aðeins á einn samráðsfund, aðrir voru á þeim öllum.
2. Voru einhverjar af hinum fjölmörgu útfærsluhugmyndum og tölvukeyrslum, sem gerðar voru í sambandi við athugun málsins, sem fulltrúar Alþýðusambandsins fengu ekki í hendur til skoðunar? Svar: Nei.
3. Voru einhverjar hugmyndir eða tillögur, sem fulltrúar Alþýðusambands Íslands komu með um útfærslu kerfisins, ekki kannaðar og skoðaðar? Svar: Nei.
4. Voru einhverjar hugmyndir eða tillögur um fyrirkomulag láglaunabótanna, sem fulltrúar Alþýðusambands Íslands settu fram, sem ekki var fallist á? Svar: Nei.
5. Voru einhverjar hugmyndir eða tillögur um útfærsluna, sem fulltrúar Alþýðusambandsins andæfðu eða mótmæltu, sem engu að síður voru framkvæmdar? Svar: Nei.

Ástæðulaust er að orðlengja þetta frekar, en ljóst er af þeim upplýsingum, sem fjárhags- og viðskiptanefnd hlaut, að ítarlegt og náið samband var milli fjármálaráðuneytisins og forustu Alþýðusambands Íslands um alla tilhögun málsins og stóð það samráð í tvær til þrjár vikur. Allar hugmyndir og breytingar á upphaflegu kerfi, sem urðu til á þessum tíma, urðu til í þessu samráði. Og aðferðin, sem loks var notuð við greiðslu bótanna, var að mjög

verulegu leyti byggð á hugmyndum sem fram komu í viðræðum ASÍ og fjármálaráðuneytisins.

Hins vegar kom einnig fram á þessum fundum að við ákveðin atriði höfðu fulltrúar Alþýðusambandsins gert alvarlegar athugasemdir:

1. Samþykktu þeir ekki, að greiðslur bóttanna ættu sér stað á grundvelli tekna ársins 1981. Hins vegar var þeim ljóst, að ef af greiðslum ætti að verða í desembermánuði væri þetta eina leiðin sem til greina gæti komið.
2. Skv. tillögu Alþýðusambands Íslands var á það fallist, að sjálfstæðir atvinnurekendur sem ættu kröfu á að njóta greiðslu láglaunabóta á grundvelli skattaframtala ársins 1981, yrðu að sækja um það sérstaklega. Þær umsóknir ættu að berast í janúarmánuði. Engin slík umsókn hefur borist. Skv. upplýsingum, sem fram komu í nefndinni, féllust fulltrúar Alþýðusambands hins vegar á „til samkomulags“ að bændur, sem teljast sjálfstæðir atvinnurekendur, fengju engu að síður bótagreiðslur byggðar á skattframtalsgrunni 1981.
3. Þá komu einnig fram hjá Alþýðusambandinu alvarleg andmæli við því, að hlutafjár-eigendur, sem störfuðu sem launþegar við fyrirtæki sem þeir eiga hlutafé í, skuli njóta láglaunabótanna. Fram kom hjá fjármálaráðuneyti að eins og skattframtöl væru uppbyggð væri ekki hægt að einangra þennan hóp manna frá öðrum launþegum.

Vegna þess, hversu mikil gagnrýni hefur komið fram, m. a. frá forustumönnum í Alþýðusambandi Íslands, á framkvæmd láglaunabótageiðslanna, þykir nauðsynlegt að hér komi fram hvaða samráð var haft við þá við undirbúning málsins og hvaða breytingar áttu sér stað á grundvallaratriðum í útfærsluferfinu á meðan á þeim samræðum stóð.

Að nota skattframtöl til þess að reyna að jafna kjör fólks er hugmynd ekki ný af nálinni. Slíkt hefur ekki áður verið reynt í þeim mæli sem gert var við útgreiðslu láglaunabótanna. Sú tilraun er því að mörgu leyti mjög merk, og þótt ýmsir ágallar hafi komið í ljós nú í fyrsta skipti sem það hefur verið reynt telur undirritaður að úr þeim megi bæta og nauðsynlegt sé að nota tímann vel til þess að kanna nánar hvernig sníða megi af ýmsa annmarka á þessu kerfi, því að það er skoðun undirritaðs, að með því að beita skattakerfinu frekar en gert er megi bæta mjög mikið kjör þess þjóðfélagshóps sem hefur raunverulega lægstu launin í landinu og við lökust lífskjörin býr. Sú háværa gagnrýni, sem komið hefur á þessa framkvæmd, er ekki að öllu leyti sanngjörn og þá síst ef hún er sett fram af hálfu þeirra sem samráð var haft við um undirbúning málsins og verulegt tillit virðist hafa verið tekið til.

Undirritaður vekur athygli á því, að í frumvarpi til laga um efnahagsaðgerðir er aðeins gefin heimild til greiðslu láglaunabóta að upphæð 50 milljónir króna sem þegar er búið að greiða. Í þessu frumvarpi — bráðabirgðalögunum — er engin lagaheimild til reglugerðarútgáfu af hálfu fjármálaráðuneytisins vegna þeirra bótagreiðslna tveggja, sem skv. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eiga eftir að fara fram. Engu að síður telur fjármálaráðuneytið sig hafa nægilega stöð til þess að ákveða þá hluti með reglugerð, en undirritaður hefði talið æskilegra að ráðuneytið óskaði eftir því við Alþingi, að Alþingi gæfi nokkru nákvæmari fyrirmæli um hvernig að bótagreiðslunum skyldi staðið í löggjöf.

Hækkun vörugjalds.

Eins og áður sagði er ráð fyrir því gert, að sú hækkun á vörugjaldi, sem í frumvarpinu felst og verður til þess að hækka verðlag á ýmsum nauðsynlegum neysluvörum, svo sem matvörum, muni á gildistímanum — sex mánuðum — skila ríkissjóði í tekjur um fimm- til sexföldum þeim láglaunabótum, sem út voru greiddar í desember, eða hartnær tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ráð er fyrir gert í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og bráðabirgðalögunum að samtals verði greiddar í láglaunabætur á árinu 1982 og árinu 1983.

Þessi aðgerð vinnur gegn yfirlýstum tilgangi bráðabirgðalaganna, sem átti að vera að draga úr verðbólgu og verðhækkunum. Þessi þáttur bráðabirgðalaganna er því í mótsögn við sjálfan tilganginn og er sennilega gleggsta dæmið um hvernig eitt rekur sig á annars horn í ráðstöfun ríkisstjórnarinnar.

Ráðstöfun gengismunar.

Aðgerð af þessu tagi hefur verið fylgifyskur margra gengisbreytinga. Um hana er deilt og má vissulega deila — bæði hvort yfirleitt eigi að taka gengismun og eins hvernig honum er ráðstafað. Verða þær deilur ekki gerðar að frekara umræðuefni hér.

Við fyrstu umræðu í neðri deild flutti sjávarútvegsráðherra tillögu um breytingu á þessu ákvæði þar sem hann m. a. leggur til að Alþingi fallist á að heimila honum að fá hluta af gengismun til ráðstöfunar að höfðu samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis. Áður hafði ráðherrann lýst opinberlega að hann mundi flytja tillögu um að hluta af gengismun yrði ráðstafað fyrir milligöngu Bygðasjóðs til tiltekinnna fyrirtækja sjávarútvegs og fiskvinnslu sem eiga við rekstrarerfiðleika að etja. Sú reyndist samt ekki vera tillaga hans, heldur eins og fyrr segir, að hann sjálfur fái fjármunina til ráðstöfunar þótt látið sé í veðri vaka að hann hyggist ráðstafa þeim sjálfur með þeim hætti sem hann hafði áður lýst opinberlega að ætti að vera efni tillögu sinnar.

Það er mál út af fyrir sig, hvort og þá hvernig eigi að veita tilteknum fyrirtækjum sérstaka fjárhagsaðstoð svo þau geti haldið áfram rekstri. Þingmenn Alþýðuflokksins eru reiðubúnir til þess að taka afstöðu til slíks máls eða tillögu þar um ef hún kæmi fram á Alþingi. Eins og frá tillögu sjávarútvegsráðherra er gengið er Alþingi hins vegar ekki gefinn kostur á að taka ákvörðun um það atriði, heldur aðeins að sjávarútvegsráðherra fái tiltekna fjármuni til úthlutunar án nokkurra sérstakra fyrirmla frá Alþingi um hvernig með skuli fara. Þingmenn Alþýðuflokksins eru á móti slíkri tilhögun og munu því greiða atkvæði á móti tillögunni, en lýsa sig hins vegar reiðubúna til þess að taka efnislega afstöðu til tillagna frá ríkisstjórninni um hvernig mæta eigi rekstrarerfiðleikum tiltekinnna atvinnufyrirtækja ef slík tillaga kæmi fram á Alþingi.

Í sambandi við það er þó nauðsynlegt að eitt komi fram: Því hefur verið haldið fram á opinberum vettvangi, að þau fyrirtæki, sem nú er sérstaklega rætt um að þurfi sérstakrar aðstoðar við, séu einhverjar „eftirlegukindur“ sem hafi ekki fengið sérstaka fyrirgreiðslu eða lánsfjáradstoð úr Bygðasjóði eða öðrum sjóðum á síðustu mánuðum, eins og önnur fyrirtæki hafi fengið. Skv. þeim upplýsingum, sem fjárhags- og viðskiptanefnd fékk, er þessi fullyrðing byggð á alvarlegum misskilningi. Mjög mörg þeirra fyrirtækja, sem nú er rætt um að veita sérstaka fjárhagsfyrirgreiðslu, eru í hópi þeirra sem slíka fyrirgreiðslu fengu á árinu 1982, bæði með sérstökum lánveitingum af hálfu Bygðasjóðs, skuldbreytingum við olufélög og með skuldbreytingum við Bygðasjóð. Sum þessara fyrirtækja eru jafnvel í hópi þeirra sem hæstu fjárhæðirnar fengu í þessu sambandi. Eru þess jafnvel dæmi um einstök þeirra, að þau hafi fengið með þessum hætti á árinu 1982 fjárhagsaðstoð sem nemur margföldu eigin fé þeirra.

Til frekari upplýsinga um þessi mál eru birt með nefndaráliti þessu í fylgiskjöllum upplýsingar um lánveitingar úr Bygðasjóði til þessara fyrirtækja, sem sérstakar athuganir hafa nú átt sér stað á, og þar á meðal sérstök lán veitt úr Bygðasjóði á árunum 1981 og 1982. Eru þá ótaldar fyrirgreiðslur þær, sem fengist hafa vegna skuldbreytingar við olufélögin, og fyrirgreiðsla, sem þau hafa væntanlega fengið frá Seðlabanka Íslands vegna skuldbreytingar við viðskiptabanka.

Tillögur Alþýðuflokksins.

Alþýðuflokkurinn telur að gersamlega þýðingarlaust sé að halda áfram á þessari braut sífelldra bráðabirgðalausna. Algert meginatriði er að menn láti þeim lokið, en stígi í þeirra stað fyrsta skrefið í átt til gerbreyttrar stefnu og stjórnunar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í samræmi við það telur flokkurinn að nú eigi að samþykkja eftirtaldar ráðstafanir:

1. Með breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt verði komið á afkomutryggingu heimilanna þar sem þjóðfélagið ábyrgist öllum þegnum þjóðfélagsins tiltekið lágmarks lífskjarastig sem verðbólga, skattahækkanir, tekjumissir vegna sjúkdóma, aldurs og örorku, atvinnumissir og aðrar slíkar óviðráðanlegar aðstæður fyrir einstaklinginn fái ekki hróflað við. Jafnframt verði með breytingum á sömu lögum tryggð jöfnun á orkukostnaði.

2. Með breytingum á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins og fjárlögum verði stigið fyrsta skrefið í afnámi útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir með því að lækka þá fjárhæð, sem til þess er ætluð á fjárlögum, um ¼ hluta. Í staðinn verði landbúnaðinum veittur tímabundinn framleiðslu- og framleiðnistyrkur til stuðnings við nýjar og ábatasamar búgreinar og uppbyggingu iðnaðar í dreifbýlinu.

3. Samþykkt verði frumvarp um tímabundna stöðvun á innflutningi fiskiskipa og hagkvæmni í endurnýjun fiskiskipastólsins. Áhersla verði lögð á að efla hagræðingu og tækniframfarir í fiskvinnslu og breytingar í þá átt gerðar á lögum og reglum um lánveitingar stofnlánasjóða.

4. Kosin verði á Alþingi nefnd til þess að gera í samráði við sjómenn og útvegsmenn tillögur um veiðileyfastjórn á fiskveiðum þannig að full og hagkvæm nýting fái st. í íslenskum fiskimiðum og hagstæðustu útgerðaraðstæður fái að njóta sín.

5. Allt sparifé verði samstundis verðtryggt til þess að tryggja hag sparifjareigenda og skapa á ný nægilegt framboð á lánsfé. Jafnframt verði samþykkt frumvarp um breytingu á útreikningsreglum lánskjaravísitölu þannig að greiðslubyrði af verðtryggðum lánnum aukist aldrei umfram hækkun verðbóta á laun.

6. Til þess að mæta sérstaklega áhrifum verðtryggingastefnunnar gagnvart húsbyggingum verði samþykkt frumvarp um sérstök viðbótarlán úr bankakerfinu til húsnæðisöflunar.

7. Á næstu þremur árum verði ný erlend lán takmörkuð við skuldbreytingar og erlenda kostnaðarþætti arðbærra framkvæmda, en önnur erlend lántaka verði bönnuð.

8. Framkvæmdastofnunin verði lögð niður í núverandi mynd, en byggðastefna verði mörkuð með afgreiðslu Alþingis á fjármögnunar- og framkvæmdaáætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn. Framkvæmd slíkra áætlana verði í höndum aðila, sem lúti sameiginlegri stjórn ríkisvalds og sveitarfélaga.

Með þessum aðgerðum vill Alþýðuflokkurinn að stigið verði fyrsta skrefið í átt til kerfisbreytingar í efnahagsmálum og gerbreyttra stjórnarháttanna. Þingflokkur Alþýðuflokksins er reiðubúinn til samstarfs við hverja þá aðila á Alþingi sem vilja taka þátt í aðgerðum á ofangreindum grundvelli. Komi fram meirihlutavilji á Alþingi fyrir lagasetningu um efnahagsmál samkvæmt þessari stefnumörkun er þingflokkur Alþýðuflokksins fús að standa að henni með öðrum þingflokkum.

Það frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem hér er til afgreiðslu, gerir á hinn bóginn einungis ráð fyrir kaupskerðingu hjá launafólki. Slík ráðstöfun ein sér er ósanngjörn, og hún mun ekki skila árangri. Alþýðuflokkurinn er því andvígur frumvarpinu og munu þingmenn Alþýðuflokksins greiða atkvæði gegn 1. gr. þess.

Alþingi, 27. jan. 1983.
Sighvatur Björgvinsson.

Fylgiskjal I.

Lán úr Bygðasjóði 1972—1981 á verðlagi hvers árs.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.	Pús. nýkr.
7473-3743 Samtö s. f., Vestmannaeyjum	25		35	97	42	550*)	390*)	559*)	300	2 000*)
4295-7968 Hraðfrysið Eyraðakka hf.				176				260*)	117	1 090*)
0412-3727 Árborg hf., Selfossi				88				385		6 000*)
6574-3086 Miðnes hf., Sandgerði								150		550*)
4295-7402 Hraðfrysihús Keflavíkur hf.	53			88						
5579-5169 Keflavík hf., Keflavík										
1489-6562 Bejarútgerð Hafnarfarðar									80	20
8134-6720 Sjóli hf., Reykjavík										
3523-9324 Haförn hf., Akranesi										
9032-7232 Úrgerðartélag Vesturl. hf., Akranesi										1 800*)
9038-8034 Úrver hf., Ólafsvík										
4295-7569 Hraðfrysihús Patreksfj. hf.	38*)	45	25	50	50	333	270	458	1 292*)	850
4295-7763 Hraðfrysihús Tálknafj. hf.		9		50		300*)		450		
2342-8652 Fiskvinnslan hf., Bíldudal				60*)		439*)	669	275*)	400	1 745*)
2377-6081 Fiskjöjan Freyja hf., Suðureyri	50	26		50	52			604*)	380	925*)
4237-9697 Hlaðsvík hf., Suðureyri										1 300*)
2342-8083 Fiskjöja Sauðárkröks hf.			53				40	185		300
8165-1884 Skjöldur hf., Sauðárkröki	10		30							
9032-7208 Úrgerðartélag Skagfirðinga hf.	105	140	20	380*)	10	330	500*)	130		750*)
4295-7907 Hraðfrysihúsið hf., Hofsósi			30	20	30	150	250			
9704-6948 Þormóður rammi hf., Siglufirði	53	58				279		1 144*)	400	5 800*)
9032-7054 Úrgerðartélag KEA, Hrísey				100						
5979-0471 Langanes hf., Húsavík			98*)	188						300*)
5423-7529 Jökull hf., Rautarförð	158*)	20		50	170*)		215*)	71*)	1 050*)	
2342-8792 Fiskvinnslan hf., Seyðisfirði	10	20	15	50		520	100	318*)	50	200
1489-2907 Búlandstúndur hf., Djúpanógi		25	31	302*)	117	263*)	357	1 300	150	7 980
5579-2763 KASK, Hornafirði	50		150	350	130	270		1 340*)		1 500*)

*) Að einhverju eða öllu leyri skuldbreyting eða fjárhagleg endurskipulagning.

Fylgiskjal II.

Listi yfir fyrirtæki, sem fengið hafa lán vegna sérstaks vanda haustið 1981 og á árinu 1982 — alls kr. 73 milljónir. Lánin eru til 10 ára, verðtryggð með 2% vöxtum og afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

	Sérstök lán BS:	
0412-3727	Árborg h.f., Selfossi	1 000
2342-8121	Fiskiðjan h/f, Vestmannaeyjum	1 000
2342-8652	Fiskvinnslan á Bíldudal h/f	2 000
2528-9595	Garðskagi h/f, Garði	1 000
3100-2125	Fiskiðja Sauðárkróks	500
4295-7178	Hraðfrystihús Eskifjarðar h/f	5 000
4295-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur h/f	5 000
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfjarðar h/f	3 000
4295-7658	Hraðfrystihús Stokkseyrar h/f	1 000
4295-7682	Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h/f	1 000
4295-7844	Hraðfrystihús Þórkötlustaða	1 000
4295-7907	Hraðfrystihúsið h/f, Hofsósi	1 200
4295-7968	Hraðfrystistöð Eyrarbakka h/f	1 750
4295-8042	Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f	1 000
4295-8123	Hraðfrystistöðin í Reykjavík	1 500
4814-6001	Ísbjörninn h/f, Reykjavík	2 000
5423-7529	Jökull h/f, Raufarhöfn	3 700
5579-5169	Keflavík h/f, Keflavík	300
5975-3339	Krossvík h/f, Akranesi	1 000
6145-3644	Lýsi og Mjöl h/f, Hafnarfirði	750
6566-2760	Meitillinn h/f, Þorlákshöfn	6 000
6574-3086	Miðnes h/f, Sandgerði	1 000
8110-7785	Síldarv. h/f, Neskaupstað	2 000
8134-6526	Sjófang h/f, Reykjavík	870
8805-2382	Sæblik h/f, Kópaskeri	300
8806-5018	Sæfang h/f, Grundarfirði	2 000
8859-0244	Tangi h/f, Vopnafirði	3 000
9032-7100	Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h/f	1 000
9032-7232	Útgerðarfélag Skagfirðinga h/f	2 500
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturlands h/f	1 000
	Hraðfrystihús Ólafsvíkur	3 750
	Skjöldur h/f, Sauðárkróki	800
	Þormóður rammi, Siglufirði	4 400
	Hraðfrystihús Tálknafjarðar	1 500
	Stemma h/f, Hornafirði	930
	Íshúsfélag Bolungarvíkur	2 000
	Söltunarfélag Dalvíkur h/f	750
	Magnús Gamalielsson h/f, Ólafsvík	1 000
	Kaldbakur h/f, Grenivík	1 000
	Sjöstjarnan h/f, Njarðvík	500
	Kópanes, Patreksfirði	1 500

Fylgiskjal III.

Listi yfir þau fyrirtæki, sem fengu í Byggðasjóði skuldbreytingalán 1981—82 til viðbótar lánnum vegna sérstaks vanda (sbr. fyrri lista).

		Pús kr.
2342-9121	Fiskiðjan h. f., Vestmannaeyjum	100
2342-9652	Fiskvinnslan h.f., Bíldudal	500
4297-7402	Hraðfrystihús Keflavíkur h.f.	500
4295-7569	Hraðfrystihús Patreksfjarðar h.f.	1 200
4205-7658	Hraðfrystihús Stokkseyrar h.f.	1 200
4295-7682	Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f.	600
4295-7907	Hraðfrystihúsið h.f., Hofsósi	480
4295-8042	Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f.	250
4295-8085	Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f.	280
4295-8123	Hraðfrystistöðin í Reykjavík	200
4252-8166	Ísbjörninn, Rvk	2 000
5423-7529	Jökull h.f., Raufarhöfn	600
5579-5169	Keflavík h.f., Keflavík	700
6566-2760	Meitillinn h.f., Þorlákshöfn	2 400
6574-3086	Miðnes h.f., Sandgerði	100
8110-7785	Síldarv. h.f., Neskaupstað	1 000
8805-2382	Sæblik, h.f., Kópaskeri	240
8806-5018	Sæfang h.f., Grundarfirði	100
8859-0244	Tangi h.f., Vopnafirði	1 000
9032-6929	Útgerðarfélag Dalvíkinga h.f.	680
9032-7100	Útgerðarfélag Ólafsfjarðar h.f.	200
9032-7232	Útgerðarfélag Skagfirðinga h.f.	2 400
9032-7232	Útgerðarfélag Vesturlands h.f.	2 100
	Hraðfrystihús Ólafsvíkur	500
	Skjöldur h.f., Sauðárkróki	190
	Þormóður rammi, Siglufirði	500
	Hraðfrystihús Tálknafjarðar	1 500
	Stemma h.f., Hornafirði	70
	Söltunarfélag Dalvíkur h.f.	550
	Magnús Gamalíelsson h.f., Ólafsfirði	850
	Kaldbakur h.f., Grenivík	160
	Sjöstjarnan h.f., Njarðvík	200
	Hraðfrystihús Breiðdælinga h.f.	1 400

Fylgiskjal IV.

Greiðsluferfiðleikar loðnuverksmiðja, vegna loðnuleysis.

Loðnuverksmiðjur, sem Loðnuleysisnefnd leggur til að fá fyrirgreiðslu (án S.R.)	Tillögur um skiptingu 15 m. kr. styrks og 25 m. kr. láns til verksmiðjanna, fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar ¹⁾		
	Lán	Styrkur	Alls
1. Síldar- og fiskimjölsverksm. Akraness h.f.	2 043	1 225	3 268
2. Svalbarði h.f., Patreksfirði	296	178	474
3. Einar Guðfinnsson h.f., Bolungarvík	1 781	1 069	2 850
4. Síldarverksmiðjan Krossanesi, Akureyri	1 466	880	2 346
5. Ísbjörninn h.f., Seyðisfirði	1 573	943	2 516
6. Síldarvinnslan h.f., Neskaupstað	3 405	2 043	5 448
7. Hraðfrystihús Eskifjarðar h.f.	2 915	1 749	4 664
8. Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar h.f.	369	221	590
9. Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f.	357	215	572
10. Búlandstindur h.f., Djúpavogi	135	81	216
11. Fiskimjölsverksmiðja Hornafjarðar h.f.	346	208	554
12. Fiskimjölsverksmiðjan h.f., Vestmannaeyjum	2 711	1 627	4 338
13. Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f., FES	1 438	862	2 300
14. Meitillinn h.f., Þorlákshöfn	964	578	1 542
15. Fiskimjöl og lýsi h.f., Grindavík	935	561	1 496
16. Njörður h.f., Sandgerði	681	409	1 090
17. Lýsi og Mjöl h.f., Hafnarfirði	1 186	712	1 898
18. Síldar- og fiskimjölsverksm. h.f., Rvík.	2 399	1 439	3 838
Samtals þús. kr.	25 000	15 000	40 000

- 1) Fénu er skipt á fyrirtæki, að hálfu eftir meðalfastakostnaði þeirra 1979—1981 á verðlagi 1981, skv. úrvinnslu Endurskoðunarskrifstofu Sigurðar Stefánssonar h.f. og að hálfu eftir mótteknu magni loðnu til vinnslu 1979—1981, skv. uppl. loðnunefndar.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneytið.
28. janúar 1983.

Hr. alþingismaður
Sighvatur Björgvinsson.

Sem svar við fyrirspurn yðar, sem fram kom á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis í gær, vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Ráðuneytið telur enga lagalega fyrirstöðu á því að greiða bætur til láglaunafólks á grundvelli þeirra heimilda sem fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1983 veitir. Ráðuneytið minnir á að mörg dæmi eru þess, að Alþingi hafi veitt framkvæmdavaldinu svipaðar heimildir, og tilgreinir þar sérstaklega liðinn „niðurgreiðslur á vöruverði“, sbr. lið 12-201 í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1983.

Ragnar Arnalds.
Höskuldur Jónsson.

Fylgiskjal VI.

Seðlabanki Íslands.
Reykjavík, 28. janúar 1983.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Neðri deildar,
Hr. form. Halldór Ásgrímsson,
Alþingi, Austurvelli.

Seðlabankinn hefur mótttekið bréf yðar, dags. 27. janúar s. l., þar sem óskað er upplýsinga um þann gengismun, sem væntanlega mun koma fram í Gengismunarsjóð af skreiðarbirgðum tiltekinna fyrirtækja, sbr. lista frá Framkvæmdastofnun ríkisins sem mótttekinn var sama dag.

Seðlabankinn hefur ekki tók á að svara nákvæmlega þeirri spurningu sem að ofan er greind, heldur verður að áætla út frá þeim tölum, sem tiltækar eru, hver gengismunur umræddra fyrirtækja yrði væntanlega. Til þess að veita nákvæmar upplýsingar yrðu að liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um birgðir fyrirtækjanna, gæði birgðanna, hvort um er að ræða þorsk eða aðrar tegundir eða þorskhousa, en þær upplýsingar liggja ekki fyrir.

Hjálagt er listi, sem sýnir endurkeypt skreiðarlán vegna umræddra fyrirtækja, eins og þau voru 26. janúar s. l., skipt á framleiðslutímabili. Gengismun ber að greiða af framleiðslu ársins 1981 og framleiðslutímabili 1982/1. Endurkeypt lán vegna skreiðarbirgða þessara fyrirtækja, sem greiða ber gengismun af, nema samtals kr. 56 948 970 og er sú upphæð 15,9% af heildarendurkeyptum lánum vegna skreiðarframleiðslu umræddra tímabila. Miðað við það, að tegundir og gæði skreiðarbirgðanna séu hin sömu alls staðar, má ætla að sá gengismunur, sem þessi fyrirtæki ættu að greiða, væri sama hlutfall og að ofan greinir. Áætlaður ógreiddur gengismunur vegna skreiðarbirgða er 54 millj. kr., og 15,9% af þeirri upphæð er kr. 8 586 þús., sem umrædd fyrirtæki ættu að standa skil á miðað við gefnar forsendur.

Rétt er að það komi fram í þessu sambandi, að mikill óvissa er um sölu skreiðarinnar að því er varðar sölumöguleika og ekki síður um það verð, sem fyrir hana kann að fást að lokum. Er því allar áætlanir um hugsanlegan gengismun afar óvissar.

28. janúar 1983.

Seðlabanki Íslands.
Lánadeild.

Endurkeypt skreiðarlán eftirtalinna fyrirtækja vegna framleiðslu fyrir 23.08.1982.

Nafn fyrirtækis:	Framleiðslutímabil		
	1981 (1)	1982/1 (2)	Alls (1+2)
7473-3743 Samtög sf., Vestmannaeyjum	ekki í viðsk		
4295-7968 Hraðfrystist. Eyrarbakka hf.	628 450	2 970 360	3 598 810
0412-3727 Árborg hf., Selfossi	ekki í viðsk.		
6574-3086 Miðnes hf., Sandgerði	811 030	2 602 340	3 413 370
4295-7402 Hraðfrystihús Keflavíkur hf.	1 316 460	2 476 960	3 793 420
5579-5169 Keflavík hf., Keflavík	76 340	3 736 090	4 497 430
1489-6562 Bæjarútgerð Hafnarfjarðar	3 814 910	4 929 270	8 744 180
6134-6720 Sjóli hf., Reykjavík	ekki í viðsk.		
3523-9324 Haförn hf., Akranesi	119 200	1 743 690	1 862 890
9032-7232 Útgerðarfélag Vesturlands hf., Akran.	ekki í viðsk.		
9038-8034 Útver hf., Ólafsvík	ekki í viðsk.		
4295-7569 Hraðfrystihús Patreksfjarðar hf.	582 460	1 416 750	1 999 210
4295-7763 Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.	275 870	22 700	298 570
2342-8652 Fiskvinnslan hf., Bíldudal	1 252 990	764 700	2 017 690
2377-6081 Fiskiðjan Freyja hf., Suðureyri	0	919 020	919 020
4237-9697 Hlaðsvík hf., Suðureyri	ekki í viðsk.		
2342-8083 Fiskiðja Sauðárkróks hf.	0	667 220	667 220
8165-1884 Skjöldur hf., Sauðárkróki	555 360	764 460	1 319 820
9032-7208 Útgerðarfélag Skagfirðinga hf.	ekki í viðsk.		
4295-7907 Hraðfrystihúsið hf., Hofsósi	660 790	765 060	1 425 850
9704-6948 Þormóður rammi hf., Siglufirði	940 900	1 173 340	2 122 240
9032-7054 Útgerðarfélag KEA, Hrisey	(finnst ekki í viðsk.)		
5979-0471 Langanes hf., Húsavík	ekki í viðsk.		
5423-7529 Jökull hf., Raufarhöfn	731 690	444 030	1 175 720
2342-8792 Fiskvinnslan hf., Seyðisfirði	4 017 680	4 317 380	8 335 060
1489-2908 Búlandstindur hf., Djúpavogi	1 119 650	649 300	1 768 950
5579-2763 KASK, Hornafirði	0	8 989 520	8 989 520
Alls	17 596 780	39 352 190	56 948 970